



Reglur um móttökusvæði jarðefna

1. grein

Akraneskaupstaður rekur móttökusvæði fyrir jarðefni í þeim tilgangi að auðvelda framkvæmdar-aðilum og fasteignaeigendum að losa sig við uppgráfin jarðefni á Akranesi. Á sama tíma er með þessu verið að undirbúa gerð á áhugaverðu útivistarsvæði með hæðum í framtíðinni, sem lítið er af innan sveitarfélagsmarka. Svæðið er staðsett í Grjótkefluflóa (neðan við Slögu).

2. grein

Notandi skal sækja um hjá Akraneskaupstað að fá aðgang að móttökusvæði jarðefna til að losa farm þar. Hann skuldbindur sig til að fylgja lögum og reglugerðum um umhverfismál, og samþykkt skipulags- og umhverfissráðs Akraneskaupstaðar sem í gildi er hverju sinni.

Notandi mun greiða fyrir aðgang að svæðinu og losun í samræmi við þjónustugjaldsskrá Skipulags- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar.

3. grein

Eftirfarandi gildir um aðgengi að svæðinu:

- Svæðið er lokað með aðgangshliði og er einungis aðgengilegt með aðgangsslykli frá Akraneskaupstað.
- Losun skal að jafnaði fara fram kl. 8 - 18 á virkum dögum.
- Heimilt er að losa utan þess tíma, nema annað verði auglýst.
- Losa skal farm á afmarkaða staði innan svæðis og eftir leiðbeiningum starfsmanna.
- Umsjónaraðila er heimilt að takmarka eða loka fyrir aðgengi vegna rekstrartilvika.
- Umsjónaraðila er heimilt að loka fyrir aðgengi tímabundið með 3 daga fyrirvara með auglýsingu á heimasíðu Akraneskaupstaðar.
-

4. grein

Eftirfarandi gildir um losun á svæðinu:

- Heimilt er að losa uppgrafið jarðefni.
- Heimilt er að losa unnið malar- og grjótefni.
- Heimilt er að losa lífrænan garðaúrgang og niðursöguð tré (undir 1 metra lengd).
- Heimilt er að losa hrein steinsteypubrot (mesta lengd undir 30 cm) án útistandandi bendistáls.
- Allt efni skal ómengað af olíu, plasti, timbri og spilliefnum.
- Annað efni er ekki heimilt að losa, og er bent á losun þess í Gámu, Höfðaseli 16.
- Losa skal farm á afmarkaða staði innan svæðis og fylgja skal leiðbeiningum starfsmanna.



5. grein

Gjaldskrá fyrir aðgengi er þannig að greitt er fast gjald í hvert skipti sem farið er inn á svæðið, skipt í 2 flokka, almennan og minni flokk. Í minni flokk falla ökutæki sem hafa flutningsgetu undir 12 tonnum, önnur ökutæki falla í almennan flokk. Afgreiðslugjald er innheimt fyrir afhendingu aðgangsslykils. Reikningar eru gerðir á umsækjanda að jafnaði mánaðarlega.

6. grein

Verði notandi uppvís að því að nota aðgangsslykil í öðru ökutæki heldur en fram kemur í umsókn, þá greiðir hann aukalega fimmfalt gjald fyrir hvern aðgang þessa auðkennisslykils síðustu 3 mánaða áður en misnotkun kom í ljós. Jafnframt er umsjónaraðila heimilt að loka fyrir aðgengi viðkomandi aðila á meðan að atvikið er í skoðun, með tilkynningu til hans í tölvupósti.

Sé losaður farmur ekki í samræmi við reglur eða er losaður við veginn utan við svæðið, þá endurgreiðir notandi allan kostnað við fjarlægingu hans og hreinsun af svæðinu, og förgun farmsins á réttan máta.

7. grein

Aðgangsslykill er rafrænt einkennismerki sem festa skal í framrúðu vinstra megin (frá bílstjóra séð) og vera sýnilegt fyrir skynjara aðgangshliðs. Ökumaður skal sýna aðgát og lækka hraða við aðkomu að aðgangshliði. Aðgangsslykill er gefinn út á ákveðið ökutæki, og er alls ekki heimilt að færa hann milli ökutækja.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisráði 22. maí 2024

Samþykkt í bæjarráði í umboði bærstjórnar 9. júlí 2024

Haraldur Benediktsson
bærstjóri